

**Ed.**

**474. Breytingartillaga**

**[87. mál]**

við frv. til l. um endurgreiðslu tolla af tilbúnum timburhúsum.

Frá Gísla Jónssyni.

Á eftir 2. gr. komi 3 nýjar greinar, er orðist svo:

- a. (3. gr.) Ríkissjóður skal endurgreiða innflutningstoll af öllum vélbátum, sem fluttir voru til landsins á árunum 1945, 1946 og 1947.
- b. (4. gr.) Ríkissjóður skal bæta upp tap á smíði þeirra báta, sem smíðaðir voru innanlands á vegum ríkissjóðs á árunum 1945, 1946 og 1947.
- c. (5. gr.) Ríkissjóður skal greiða þeim aðilum, sem framleiddu saltfisk á árinu 1947, geymslugjald samkv. 3. gr. laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.